

Námskeið aðstoðarfólks kennara við hjúkrunarfræðideild HÍ, haldið í tölvuveri HÍ í Eirbergi 22. júní 2010.

Æfingar

Í PubMed

Almennar æfingar

1. Finnið greinar um shingles OG facial paralysis. Sýnið niðurstöður þannig að bæði útdráttur og MeSH-efnisorð sjáist.
2. Finnið greinar um hypertension OG nosebleed. Hvernig kortleggur PubMed hugtakið nosebleed?
3. Finnið greinar um genetically modified food. Sýnið niðurstöður þannig að útdráttur og MeSH-efnisorð sjáist.

Leitað að höfundum

Finnið greinar eftir Sigurberg Kárason.

1. Hvað finnið þið margar?
2. Merkið nokkrar greinar, sendið þær á Clipboard og vistið þær síðan niður á skjáborðið sem skjal.

Afmörkun

Leitið að greinum um Stroke hjá karlmönnum 19-44 ára. Finnið greinar sem eru frá síðustu 90 dögum og fjalla um tiltekin tilfelli (Case Reports).

1. Hvað fáid þið margar niðurstöður?
2. Er eitthvað af þessum greinum til í fullum texta hjá Bókasafni LSH?

Nota MeSH

Finnið efnisorðið *Fever*, tengið það undirefnisorðinu (subheading) *surgery* og leitið síðan í PubMed.

Hvað fáid þið margar niðurstöður?

Opnið fyrstu greinina og skoðið efnisorðin. Hversu mörg eru aðalefnisorðin?

Láta MeSH og Pubmed vinna saman

Finna greinar um **þrýstingssár (pressure sores)**.

Smellið á **MeSH Database** til hægri í **PubMed**

Skrifið *pressure sores* í leitarlínuna og smellið á **GO**.

Skoðið orðskýringar og veljið efnisorð sem ykkur finnst passa.

Smellið á sjálft efnisorðið til að fá meiri upplýsingar, til dæmis. um *undirefnisorð*.

Athugið hvort þið viljið velja þar t.d. undirefnisorð eins og **nursing, complications** og/eða **prevention and control**. Ef svo, þá hakið við þau.

Smellið nú á **Send to Search Box with AND** til að láta PubMed vita að þetta efnisorð (ásamt undirefnisorðum e.t.v) ætlið þið að nota í leitinni. Ef ENGIN undirefnisorð eru valin, tekur PubMed þau öll með í leitinni.

Smellið núna á **Search PubMed** og ÞÁ FYRST framkvæmið þið leit.

Ef þið hefðuð þurft að fletta upp öðru orði, var hægt að láta fyrra orðið bíða í leitarkassanum og fletta hinu upp eins og áður var lýst.

Framkvæmið síðan leitina með **Search PubMed** þegar bæði (eða fleiri orð) eru tilbúin í Search Box.

Takmarkið nú leitina með því að smella á **Limits** og veljið til dæmis publication date **2000 – 2009**, tungumálið **ensku** og publication types **Review** til að fá rannsóknargreinar (ein leið af mörgum!).

Smellið síðan á **GO**.

Breytið **Summary** í **Citations** eða **Abstract** til að sjá hvort að einhverjar greinar eru aðgengilegar á rafrænu formi.

Skráðir notendur: Vistið leitina í **My NCBI** með því að smella á **Save Search**.

Munið að ef þið viljið geyma tilvísanir og leita meira, þá hakið þið við tilvísanir og notið **Send to Clipboard**. Einnig getið þið sent ykkur tilvísanir í e-mail með **Send to E-mail**.

Gangi ykkur vel!